

## Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn mánudaginn 19. apríl 2021 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar, en þetta var 85. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

**Mætt voru:** Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Magnús Jóhannsson, Runólfur Pálsson og Reynir Tómas Geirsson orðanefndarmenn og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar.

### 1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 84. fundar, sem áður hafði verið send nefndarmönnum, var samþykkt án athugasemda.

### 2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lá einn orðalisti, sem áður hafði verið sendur til nefndarmanna, og þrjár fyrirspurnir og ábendingar um íðorð.

**Menstruation og tengd heiti.** Í framhaldi af yfirferð á síðasta fundi á heitum sem varða menopause, hafði JHJ safnað saman á lista 45 færslum úr Íðorðasafni lækna sem tengjast „menstruation“, „menorrhæa“ og „metrorrhægia“ og þörf virtist á uppfæra. Farið var nákvæmlega yfir allar færslurnar og þær ítarlega ræddar. Fram komu að venju ýmsar skoðanir á íslensku heitunum og skilgreiningum fyrirbæranna og voru endurbætur gerðar. Nokkrar færslur töldust innihalda úrelt hugtök og verða þær felldar út úr safninu. JHJ tók að sér að ganga frá listanum til birtingar í Íðorðabankanum.

### 3. Fyrirspurnir og ábendingar.

Runólfur hafði fyrir fundinn vakið athygli á þörf fyrir lipurt íslenskt heiti á þeim lyfjahópi sem fengið hefur enska heitið „nonsteroidal anti-inflammatory drugs“ (NSAID), sem má þýða beint sem: „barksteralaus bólgueyðandi lyf“ eða „barksteralaus bólgulyf“. Vakin var athygli á því lyfin „eyða“ ekki bólgu heldur draga þau úr bólgu eða „hamla“ slíku. Umræðan varð fjörug og fram komu ýmsar hugmyndir, s.s. „bólgueyðandi gigtarlyf“, „bólgueyðandi verkjalyf“, „bólguhamlandi lyf“ og „bólguulyf“. Ekki var að sinni tekin endanleg afstaða til íslensku heitanna, en nefndarmenn virtust sáttir við það heiti sem Runólfur sagðist oftast nota sjálfur: „bólgueyðandi verkjalyf“.

Rætt var að lokum um fyrirspurn og ábendingu sem borist höfðu. Fyrirspurnin snérist um ensku heitin „neurotypical“ og „neurodiverse“ sem munu vera notuð í tengslum við ýmsar hegðunar-, þroska- og taugakerfissraskanir, s.s. einhverfu, ofvirkni, kvíðaröskun o.fl. Hvorugt er að finna í Íðorðasafni lækna og erfitt er að finna lausnir á einfaldan hátt í hliðstæðum heitum í safninu. „Neuro-“, er í öðrum heitum þýtt sem „tauga-“, „typical“ sem „dæmigerður“ og „diverse“ má þá þýða sem „óðæmigerður“. Ekki var tekin afstaða til þessara þýðinga í bili.

Ábendingin snérist um „mjólkurólþol“ eða „milk intolerance“, sem finna má í færslu í Íðorðasafni lækna, en þar vantar skilgreiningu og að gerð sé grein fyrir mjólkursykurólþoli annars vegar og mjólkuprótínólþoli hins vegar. JHJ mun gera tillögu að lausn á þessu máli.

### 4. Næsti fundur

Næsti orðanefndarfundur var ráðgerður mánudaginn 3. maí. JHJ mun undirbúa fundinn og boða hann með tölvupóstskeytum.

Fundi var slitið um kl. 17:45. Fundargerð ritaði JHJ.